

Byko ehf.
Skemmuvegi 2e
200 Kópavogi

Reykjavík, 10. mars 2020
UST202001-059/E.O.
07.05.02

Eftirlit í kjölfar ábendingar um vanmerkta efnavöru í Byko.

Umhverfisstofnun bærust ábendingar um að efnavörur sem fundust í sölu í Byko, Breiddinni uppfylli ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 varðandi merkingu varanna.

Um er að ræða eftirfarandi vöru sem Byko ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á:

Vara	Strikamerki
Fairy upphvottalögur	4 015400956181

Eftirlit í versluninni leiddi í ljós að varan uppfyllir ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Um kröfur til merkinga og þau frávík frá téðum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Byko ehf. frest til 25. mars 2020 til að senda stofnuninni:

- **Afrit af merkimiða fyrir vöruna *Fairy upphvottalög* sem er uppfærður skv. reglugerð nr. 415/2014 á þann hátt að merkingarnar standist kröfur reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 og efnalaga nr. 61/2013.**

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202001-059. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is.

Jafnframt er gerð krafa um að vörur á sölustöðum verði endurmerktar með réttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir Byko ehf. hér með frest til 25. mars nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 18. mars nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 18. mars nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessar tilteknu vörur gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Einar Oddssonar, til að fá nánari upplýsingar um skyldubundnar merkingar í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið einar.oddsson@ust.is.

Virðingarfyllst,



Einar Oddsson
Sérfræðingur



Ísak Sigurjón Bragason
Sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/>